

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Efni: Umsögn vegna máls nr. 144/2023 í samráðsgátt - Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, með síðari breytingum.

Fuglavernd fagnar því að nú standi til að grípa til aðgerða til að bregðast við neikvæðri stofnþróun grágæsa undanfarin ár. Félagið styður heils hugar sölubann á afurðir grágæsa og gerir ekki athugasemd við að uppstoppun sé undanþegin því banni. Aftur á móti hefur félagið miklar áhyggjur af því hvernig eigi að framfylgja sölubanni, þar sem áfram verður leyfilegt að versla með afurðir annarra gæsategunda. Fuglavernd telur nauðsynlegt að samhliða sölubanni verði gripið til annarra aðgerða til að tryggja árangur sölubannsins. Mögulegar aðgerðir eru:

- 1) Sölubann nái til allra gæsategunda svo ekki sé verslað með grágæsakjöt fyrir mistök eða með ásetningi undir nafni annarrar tegundar.
- 2) Aukið verði eftirlit með sölu gæsaafurða og settar verða reglur um að gæsakjöt sé einungis hægt að selja í hamnum, þannig að ljóst sé um hvaða tegund sé að ræða. Sé gæsakjöt selt eftir að búið er að hamflétta mætti setja reglu um að skilja skuli eftir haus og háls til að hægt sé að greina tegundina.
- 3) Allt gæsakjöt sem eigi að ganga kaupum og sölu verði að hamfletta og verka af viðurkenndum verkunaraðilum, sem gera greinarmun á gæsategundum. Slíkir aðilar verði undir virku eftirliti MAST.
- 4) Sett verði á vöktunarkerfi á gæsaafurðum til sölu með tilviljunarkenndum en tíðum erfðaprófum úr gæsaafurðum á veitingastöðum og verslunum sem selja gæsakjöt.

Útfæra þarf hverjar af þessum leiðum verða fyrir valinu (ein eða fleiri), og með hvaða móti, í samráði við veiðimenn, UST og MAST, en með því skýra markmiði að ekki verði hægt að versla með grágæs.

Fuglavernd þykir hins vegar miður að ekki verði gengið lengra í verndaraðgerðum en þessi reglugerðarbreyting felur í sér. Í ljósi alvarlegrar stöðu grágæsarstofnsins, sem fyrirbyggjandi gögn benda til að komin sé upp, telur félagið nauðsynlegt að einnig

verði gripið til styttingar veiðitímans, og að miða ætti við veiðitímann 10. september – 31. október, auk þess sem ráðuneytið ætti í samráði við sérfræðinga að gefa út tilmæli til veiðimanna um hámarksfjölda veiddra grágæsa á hvern veiðimann. Opinbert viðmið um hámarksfjölda veiddra grágæsa er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að erfitt getur orðið að tryggja árangur sölubanns, sbr. umfjöllunina hér að framan. Félagið minnir á að skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 eru villt dýr friðuð (6. gr.) og ákvörðun um að aflétta friðun skal byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða (7.gr.). Í núverandi ástandi verður að teljast mjög ólíklegt að viðkoma grágæsa sé nægjanleg til að þola álíka miklar veiðar og tíðkast hafa, og Fuglavernd telur að sölubann eitt og sér sé ekki fullnægjandi viðbragð til að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins. Fuglavernd getur sýnt þeim rökum skilning að æskilegt sé að grípa til einnar aðgerðar í einu til að unnt sé að meta áhrif þeirrar aðgerðar, en bendir á að eitt eða mögulega tvö ár með tiltekinni aðgerð duga ekki til að skilja áhrif þeirrar verndaraðgerðar því ótal margir aðrir þættir geta haft áhrif á bæði stofnþróun grágæsa og hegðun veiðimanna, sem ekki er hægt að staðla milli ára. Mælingar á áhrifum sölubanns á tímabilinu 2023-2024 segja því einungis til um hver áhrifin voru við nákvæmlega þær aðstæður, en ekki er hægt að fullyrða um hver áhrif sömu aðgerða yrðu við aðrar aðstæður. Hér verður því að staldra við að spyrja sig hver tilgangurinn sé með fyrirhuguðum verndaraðgerðum. Er tilgangurinn sá að bregðast við neikvæðri stofnþróun grágæsa og gefa stofninum raunverulegt tækifæri til að rétta úr kútnum, eða er um að ræða vísindalega rannsókn á því hvaða þýðingu sölubann getur gegnt í veiðistjórnun grágæsa?

Ef tilgangur aðgerða er raunverulega að bregðast við bágrri stofnþróun grágæsar, ætti að grípa til allra þeirra tiltæku ráða sem í boði eru. Að undanskildu allsherjar veiðibanni, sem Fuglavernd er ekki að leggja til að svo stöddu í anda meðalhófs, væri um að ræða sölubann, styttingu veiðitímans og að settur yrði hámarksfjöldi fugla sem hver veiðimaður mætti veiða. Eins og fram hefur komið telur Fuglavernd að sölubann eitt og sér sé ekki nægjanleg verndaraðgerð eins og staðan er í dag. Grágæsarstofninn hefur talsverða getu til að rétta hratt úr kútnum, fái hann tækifæri til þess, og væri því viðbúið að víðtækar verndaraðgerðir þyrftu ekki að standa yfir í langan tíma. Í anda þess að náttúran fái að njóta vafans hvetur Fuglavernd til að gripið verði til víðtækra aðgerða nú og að frekar verði slakað á aðgerðum eftir því sem staðan skánar.

Ef tilgangur aðgerða er hins vegar að framkvæma vísindalega mælingu á áhrifum sölubanns þyrfti að hanna slíka rannsókn vel og í samstarfi vísinda- og veiðimanna. Líklegt er að sú aðgerð þyrfti að standa yfir í einhver ár, eða eins lengi og söfnun viðeigandi gagna við mismunandi aðstæður tæki. T.d. er viðbúið að sölubann hefði ekki sambærileg áhrif sem veiðistjórnunaraðgerð þegar stofninn er í upp- eða niðursveiflu. Miðað við málflutning ráðuneytis um þá verndaraðgerð sem nú er ætlunin að grípa til má álykta að hún sé hugsuð sem bráðabirgðaaðgerð þar til verndunar- og stjórnunaráætlun liggur fyrir, sem áætlað er að verði haustið 2025. Að mati Fuglaverndar dugar þessi tími ekki til að fá vísindalegt, áreiðanlegt mat á áhrifum sölubanns.

Auk framangreindra ábendinga, vill Fuglavernd hvetja eindregið til þess að samhliða þeim aðgerðum sem ráðist verður í, fari fram fræðsluáttak til almennings með áherslu á veiðimenn, bændur og þá sem versla með gæsaafurðir, um líffræði, atferli og stofnþróun grágæsa, til að bæta viðhorf til þessarar stórmerkilegu tegundar og auka skilning á mikilvægi verndaraðgerða. Auk þess þyrfti í slíku fræðsluáttaki að leggja áherslu á að allir sem koma að veiðum gæsa og verslun með afurðir gæsaveiða þekki vel greiningareinkenni mismunandi gæsategunda.

Með góðum kveðjum,

Menja von Schmalensee, formaður Fuglaverndar f.h. stjórnar
Hólfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fuglaverndar